

Námskrá 10.bekkjar í samfélagsgreinum

Inngangur

Þessi bekkjarnámskrá er grundvölluð á Aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta 2011 og greinasviðum hennar 2013. Aðalnámskráin byggir á lögum um grunnskóla (nr. 91/2008).

Samfélagsgreinar samanstanda af sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði og trúarbragðafræði.

Í samfélagsfræði er lögð áhersla á að efla skilning nemenda á umhverfi, menningu, auðlindum og sögu. Samhliða því eru nemendur þjálfaðir í að móta sér lýðræðislegan og gagnrýninn hugsunarhátt. Eitt af markmiðum samfélagsgreina er að nemendur geti aflað sér upplýsinga um lífskjör og stöðu ólíkra hópa út frá meðal annars myndrænum upplýsingum. Nemendur þjálfast í stafrænu læsi með því að leita upplýsinga og öðlist hæfni í að greina og miðla þeim upplýsingum sem þeir afla sér. Sjálfbærni er samspil umhverfis, samfélags og efnahagslegrar þátta og er mikilvægt að nemendur átti sig á samábyrgð samfélagsins í heild sinni. Í samfélagsgreinum eru lýðræði, jafnrétti og mannréttindi stór þáttur og mikilvægt að nemendur beri virðingu fyrir ólíkum skoðunum og gildum.

Með nefndum grunnþáttum menntunnar þá liggur leiðin að lykilhæfi sem hverjum og einum er ætlað að ná í lok 10. bekkjar. Lykilhæfni sem stefnt er að ná er í fimm flokkum 1) tjáning og miðlun 2) skapandi og gagnrýnin hugsun 3) sjálfstæði og samvinna 4) nýting miðla og upplýsinga 5) ábyrgð og mat á eigin námi.

Tiltekinni lykilhæfni skal náð við lok 7. bekkjar. Í 8. bekk heldur vinnan áfram í skrefum upp í 10. bekk og til loka hans.

Í hverjum árgangi tekur námið mið af lykilhæfni sem ætlast er til að sé náð í lok 10. bekkjar.

Námskrá 10.bekkjara í samfélagsgreinum

Námsþáttur: Reynsluheimur

Áherslur og megintilgangur námsþátta

Mannlíf, sjálfbærni, siðferði, jörðin, heimssaga, gildi, lýðræði, fjölskyldugerðir, stjórnkerfi, stjórnmál, gagnrýnin hugsun, heimildarýni, menningarläsi

Hæfniviðmið:

Geta ígrundað víxlverkun samfélags, stjórnmála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa.

Geta sýnt fram á þekkingu og gagnræna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum.

Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði.

Gera sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldunnar og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.

Geta útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.

Geta útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn.

Námskrá 10.bekkjara í samfélagsgreinum

Námsþáttur: Hugarheimur

Áherslur og megintilgangur námsþátta

Sjálfsvitund, gildismat, siðgæðisvitund, menntun, staðalmyndir, réttsýni, ábyrgð, lífsviðhorf, jafnrétti, gagnrýnin hugsun

Hæfniviðmið:

Geta hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs síns og annarra og útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi, búsetu, stjórnámálum, félagslegum aðstæðum, sögu og menningu.

Geta sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.

Námskrá 10.bekkjjar í samfélagsgreinum

Námsþáttur: Félagsheimur

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Félagsvitund, umburðarlyndi, samfélagsreglur, frelsi og ábyrgð, félagsfærni, jafnrétti, réttlæti, virðing, lýðræði, gagnrýnin hugsun, tjáning, miðlun og sköpun

Hæfniviðmið:

Geti rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og gildismat..

Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti.

Geti rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.

Geti útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heim.

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<p>Kennt verður 3,5 kennslustundir á viku allan veturinn. Kennslan verður í formi fyrirlestra, verkefnavinnu og áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda í hópa- og einstaklingsvinnu. Kennt verður í lotum þar sem mismunandi áhersla er lögð á landafræði, sögu og þjóðfélagsfræði.</p> <p>Almenn landafræði, lönd heimsins, heimsálfur, búseta og búsetuskilyrði. Nemendur fá þannig tækifæri til þess að kynna sér mismunandi hópa fólks sem búa við ólíkar aðstæður og lífsskilyrði. Einnig verður lögð áhersla á sögu og menningu þessara hópa. Jafnframt verður farið í sögulega atburði á Íslandi og úti í heimi eftir seinni heimsstyrjöldina og þá þróun sem varð í kjölfar hennar. Nemendur fá einnig tækifæri til að kynna sér enn frekar þá atburði sögunnar á þessu tímabil sem vekja forvitni þeirra.</p> <p>Þjóðfélagsfræði. Fjallað verður um sjálfsmynd einstaklingsins, félagslega mótun og félagsleg hlutverk. Nemendur kynna sér uppbyggingu þjóðfélagsins, helstu stofnanir þess, stjórnskipun og völd, bæði formleg og óformleg.</p>	<p>Synnøve Veinan Hellerud, Ketil Knutsen og Sigríð Moen. 2011. <i>Styrjaldir og kreppa Saga 20.aldar I</i>. Námsgagnastofnun, Kópavogur.</p> <p>Synnøve Veinan Hellerud og Ketil Knutsen. 2011. <i>Frelsi og Velferð</i>. Námsgagnastofnun, Kópavogur.</p> <p>Garðar Gíslason. <i>Þjóðfélagsfræði, Á ferð um samfélagið</i>. 2016. Námsgagnastofnun, Reykjavík.</p> <p>Ljósrit og ábendingar um lestur frá kennara. Efnið sem verður lagt til grundvallar er úr mörgum áttum og reynt að hafa viðfangsefnin sem fjölbreyttust.</p>	<p>Matsþættir í samfélagsfræði taka mið af Aðalnámskrá grunnskóla og leitast er við að fá sem gleggstar upplýsingar um hæfni nemenda í greininni. Samfélagsfræðinám og kennsla miðast við þrjá flokka: 1. Reynsluheimur, 2. Hugarheimur, og 3. Félagsheimur. Námsmat er fjölbreytt og nemendur þreyta próf og verkefni tengd hæfniviðmiðum sem falla að beinni þekkingu og hæfni til að nýta þá þekkingu sem þeir búa yfir. Verkefni eru ýmist einstaklingspara- eða hópverkefni. Að stunda námið eftir bestu getu og standa skil á verkefnum er einnig tekið inn í námsmat. Nánari upplýsingar um matsþætti má finna á námsáætlun greinarinnar á heimasíðu skólans. Einkunnir eru gefnar í bókstöfum í 10. bekk og fá nemendur að sjá matskvarða fyrir hvert verkefni/ próf sem lagt er fyrir.</p> <p>Námsmat við útskrift 10. bekkjar vorið 2019 er gefið í bókstöfum samkvæmt matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Eins og áður segir eru hæfniviðmið sett fram í þremur flokkum í samfélagsgreinum og miðast allt námsmat við þá.</p> <p>Öll vinna og ástundun nemenda er metin samhliða hverjum matsþætti fyrir sig.</p> <p>Í lok skólaárs hefur nemandi fengið tækifæri til að sýna fram á þá hæfni sem hann býr yfir í flokkum greinarinnar og einkunn miðast við hvar hann stendur við útskrift.</p> <p>Námsmati er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir nemendur til að ná settu marki.</p>

Merking bókstafa er eftirfarandi:

A Nemandi hefur náð framúrskarandi hæfni miðað við þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt hæfniviðmiðum.

B+ Nemandi hefur náð framúrskarandi hæfni í flestum þáttum hæfniviðmiða en náð settu marki hæfniviðmiða í öðrum þáttum námsmats.

B Nemandi stendur undir þeim almennu kröfum sem gerðar eru til nemenda samkvæmt hæfniviðmiðum sem unnið er með.

C+ Nemandi er á góðri leið með að ná þeim hæfniviðmiðum sem sett eru en á eitthvað í land með sum þeirra.

C Nemandi á nokkuð í land með að standa undir þeim almennu kröfum sem gerðar eru samkvæmt þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með.

D Settum hæfniviðmiðum ekki náð.

Á næstu síðu má sjá matsviðmið Aðalnámskrár grunnskóla.

Matsviðmið við lok 10. bekkjar

A	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tileinkað sér á upplýstan hátt og rökrætt mikilvæg gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlægs lífs. • með eigin dæmum sýnt fram á næman skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. • á skipulegan, sjálfstæðan og skapandi hátt aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi og mismunandi miðlum • greint og á skýran hátt útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis
----------	---

B	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tileinkað sér og rætt mikilvæg gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlægs lífs. • sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. • aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi og mismunandi miðlum. • útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.
----------	--

C	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tileinkað sér að einhverju leyti mikilvæg gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlægs lífs. • nefnt dæmi um eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. • upp að vissu marki aflað sér, greint og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi og mismunandi miðlum. • lýst hugmyndum um gerð og framkvæmd lýðræðis.
----------	--